

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10.12.2002  
0AA7000-52.01 HAJ/aó

**Málefni: 357. mál, opinber stuðningur við vísindarannsóknir,  
336. mál, Vísinda- og tækniráð,  
345. mál, opinber stuðningur við tækniþróun og nýsköpun í þágu  
atvinnulífsins.**

Fyrir hönd Iðntæknistofnunar er hér með veitt umsögn um ofangreind frumvörp.  
Visað er til fundar með nefndum Alþingis þann 9. des. 2002.

Visað er til umsagnar frá því 21.03.2002 um efnislega sömu frumvörp. Eiga  
athugasemdir sem þar koma fram enn við. Þær breytingar sem gerðar hafa verið á  
frumvörpunum eru til bóta. Hér á eftir er gerð grein fyrir nokkrum atriðum sem óskað  
er eftir að tekin verði til greina.

1. Eins og fram kom í fyrri umsögn er í 18 manna hóp 4 ráðherrar, 6 tilnefndir af  
ráðuneytum, 4 úr atvinnulífinu (SA-ASÍ) og 4 frá háskólum. Af frumvarpinu  
má ráða að fulltrúar háskólanna verði eina fólkið sem tryggt er að hafi reynslu af  
rannsóknnum, þó þess megi vænta að fleiri hafi slíka reynslu. Rannsóknastofnanir  
standa fyrir um 31% af rannsóknum í landinu og því eðlilegt að þær skipi  
fulltrúa í þennan hóp. **Lagt er til að rannsóknastofnanir utan háskóla skipi  
a.m.k. 2 fulltrúa í ráðið.**
2. Í III. kafla i frumvarpi til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, 10.  
gr. kemur fram í 2. lið að Rannsóknamiðstöð Íslands annist umsýslu  
Tækniþróunarsjóðs.  
Í frumvarpi iðnaðarráðherra kemur jafnframt fram í 4. gr. að varsla sjóðsins,  
umsýsla og rekstur verði hjá Rannsóknamiðstöð Íslands.

**Lagt er til að umrædd varsla, umsýsla og rekstur verði heimildarákvæði.**

Í þessum frumvörpum er lögð áhersla á, annars vegar hugarheim vísinda og hins  
vegar þróunar. Verklag og viðhorf eru ólík og því ekki tryggt að  
Rannsóknamiðstöð Íslands endurspegli þau þróunar- og nýsköpunarviðhorf sem  
nauðsynleg eru. Því er hér lagt til að iðnaðarráðherra hafi möguleika á að breyta  
um rekstraraðila ef þurfa þykir.

3. Enn og aftur er ástæða til að benda á að núverandi Vísindasjóður og  
Tæknisjóður sameinast í Rannsóknasjóði. Eins og fram kemur í fyrri umsögn þá  
eru rannsóknastofnanir eins og Iðntæknistofnun í sínu samstarfi við fyrirtæki

mjög háð styrkjaframlögum úr sjóðum. Ef nýr sjóður leggur alfarið vísindalegar áherslur minnka möguleikar Iðntæknistofnunar á stuðningi. Því er það mjög mikilvægt að nýr Tækniþróunarsjóður taki við þróunar- og nýsköpunarhlutverkinu með myndarlegum hætti. Umsögn fjármálaráðuneytis gefur ekki góð fyrirheit um að svo verði.

Að lokum er ástæða til að vekja athygli á stöðu mismunandi vísindasviða hérlendis, mælt með s.k. áhrifastuðli tilvitnana. Áhrifastuðull er hlutfallið á milli fjölda tilvitnana í greinar frá viðkomandi landi og fjölda birtra greina frá landinu (Rannís, ársskýrsla 2000). Hér að neðan er getið um helstu vísindasvið og stöðu Íslands (sæti) meðal 24 OECD landa. Í sviga er gefið sviðið milli efsta (1.) og neðsta lands (24.).

Náttúruvísindi	9. sæti	4.82	(2.37 til 6.72)
Verkfræði og tækni	24. sæti	1.09	(1.09 til 2.59)
Læknavísindi	1. sæti	7.04	(2.76 til 7.04)
Landbúnaðarvísindi	10. sæti	2.32	(1.25 til 2.80)
Félagsvísindi	8. sæti	1.62	(0.84 til 2.13)
Hugvísindi	1. sæti	0.6	(0.10 til 0.60)

Í umræðu m.a. um breytingar á vísinda og þróunarumhverfinu hafa komið fram áhyggjur af stöðu mismunandi vísindasviða, því er vakin athygli á þessu hér. Sjá má í þessari könnun OECD fyrir árin 1995-1999, að ástæða er til að hafa verulegar áhyggjur af stöðu verkfræði og tæknivísinda hér á landi. Stuðningur við frumvörpin byggir meðal annars á því að með nýju Vísinda- og tækniráði verði hægt að leggja áherslur, sem m.a. taka mið af niðurstöðum sem þessum.

Virðingarfyllst,

  
Hallgrímur Jónasson  
forstjóri